

## REGLUR

### um váttryggingu vegna loftferða.

#### 1. gr.

Ábyrgð flytjanda samkvæmt IX. og X. kafla loftferðalaganna nr. 34 frá 1964, skal tryggð þannig:

Sá aðili, sem flytur farþega með loftfari, í reglum þessum kallaðar flytjandi, er skyldur til þess að tryggja hvern einstakan farþega fyrir slysum eða dauða fyrir kr. 36 500.00. Í þessu sambandi telst maður farþegi, þó að fluttur sé án endurgjalds.

Flytjandi skal tryggja varning þann, sem hver einstakur farþegi má hafa í vörzlum sínum, fyrir kr. 730.00 til hvers farþega.

Innritaðan farangur og varning skal flytjandi tryggja fyrir kr. 37.00 fyrir hvert kg.

#### 2. gr.

Flytjandi skal tryggja sig fyrir tjóni, sem hann kann að valda á mönnum eða munum á jörðu niðri með notkun loftfarsins.

Hámarksbætur fyrir tjón á mönnum vegna slyss eða dauða eru kr. 42.000.00.

Tryggingarnar skulu fara eftir þyngd loftfarsins og vera sem hér segir:

Þyngd kg	1500	.....	kr.	100 000.00
— —	1501— 5000	.....	—	360 000.00
— —	5001—10000	.....	—	530 000.00
— —	10001—40000	.....	—	1 060 000.00
— —	40001	.....	—	2 120 000.00

Þyngdin skal miðast við mesta flugtaksþunga loftfarsins.

#### 3. gr.

Ef samanlagðar kröfur, sem sönnur eru færðar á, og bæta skal skv. 2. gr., fara fram úr hámarki því, sem í greininni er tilgreint, þá skal fara með þær sem hér greinir, enda sé tekið tillit til 2. mgr. 2. gr.:

- Séu kröfurnar eingöngu vegna slysa eða dauða eða eingöngu vegna eignatjóns, þá skal lækka kröfurnar í hlutfalli við upphæð hvernar einstakrar kröfu.
- Séu kröfurnar bæði vegna slysa og dauða og vegna eignatjóns, skal nota helming þess fjár, sem til umráða er til þess að mæta kröfum vegna slysa og dauða, og hrökkvi það ekki til, skal fénu skipt í hlutfalli við upphæð krafanna. Hinum helmingnum skal skipta hlutfallslega milli krafna vegna eignatjóns og þess hluta tjóns vegna slysa og dauða, sem hefur ekki þegar fengið bætt.

#### 4. gr.

Flugmálaráðherra getur krafizt þess, eð erlendur flytjandi hafi tryggingu í samræmi við reglurnar í 1.—3. gr.

Erlent tryggingarfélag, sem tryggingin er tekin hjá, verður að hafa heimild til þess að selja slíka tryggingu skv. lögum þess ríkis, sem það er skrásett í eða þess ríkis, sem það hefur heimilisfang og/eða aðalatvinnurekstur sinn í, enda staðfesti annað hvort ríkið, að félagið geti mætt fjárskuldbindingum sínum.

## 5. gr.

Flugmálaráðherra má taka gilda tryggingu erlends flytjanda, sem í stað þess að vera tekin hjá viðurkenndu tryggingarfélagi er gerð á eftirfarandi hátt:

- a. Með peningatryggingu hjá ríkisstofnun, sem taka má við geymslufé, í ríki því sem loftfarið er skrásett í, eða banka, sem heimild hefur til þess að taka við geymslufé í því ríki.
- b. Með bankatryggingu, sem gefin hefur verið af banka, sem til þess hefur heimild í ríki því, sem loftfarið er skrásett í, enda sé fjárhagur bankans viðurkenndur af því ríki.
- c. Með ríkistryggingu frá ríki því, sem loftfarið er skrásett í, enda hafi ríkið lýst því yfir, að það muni ekki bera það fyrir sig, að það verði ekki lögsótt vegna tryggingarinnar.

## 6. gr.

Nemendur í flugskóla, hvort sem þeir fljúga með kennara eða einflug, teljast farþegar í skilningi reglna þessara.

## 7. gr.

Upphæðir allar í reglum þessum miðast við gengi gullkrónu.

## 8. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum eða varðhaldi.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um loftferðir, nr. 34 frá 21. maí 1964, skulu öðlast gildi þegar í stað, en jafnframt er felld úr gildi 8. gr. reglna um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum, nr. 13 frá 22. jan. 1947, sbr. reglur nr. 55 11. marz 1955.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. maí 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*